

Mál nr. 148/2020**M og
V v/ ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B****Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar í Reykjavík
þann 8.4.2020.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.4.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.5.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið eftir Breiðholtsbraut til norðausturs og inn í hringtorg við gatnamót Suðurlandsvegur. Í sömu andrá var B ekið eftir Suðurlandsvegi til suðausturs og um hringtorgið. Varð þá árekstur með bifreiðunum. Engin sameiginleg tjónsskýrsla eða tjónstilkynning um atvikið var gerð af hálfu aðila. Ökumenn hafa þó hvor í sínu lagi lýst aðdraganda árekstursins.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið af Breiðholtsbraut inn á hringtorgið þegar B hafi verið ekið af innri hring yfir á ytri hring. Nánar kvaðst hann hafa verið í miðri beygju í ytri hring torgsins er hann hafi séð B við hlið sér. Hafi hann þá hemlað en ökumaður B hafi haldið áfram að beygja að A þar til árekstur varð. Telur ökumaðurinn að það hafi ekki verið mögulegt að B hafi verið á ytri akrein þar sem hann hafi séð að henni var ekið í hliðina á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir Suðurlandsvegi og um hringtorgið á ytri hring þegar A hafi komið eftir Breiðholtsbraut á hægri akrein og ekið inn í hægri framhurð B. Á vinstri akrein Breiðholtsbrautar hafi verið kyrrstæð bifreið hvar ökumaður hafi beðið eftir að aka inn í hringtorgið.

Álit.

Samkvæmt 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, sem ekur að hringtorgi, veita þeim sem eru í torginu forgang. Í sömu málsgrein segir enn fremur að óheimilt sé að skipta um akrein við hringtorg eða á milli ytri og innri hrings í hringtorgi.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að A var ekið inn í hringtorgið í sömu andrá og B átti þar leið um. Ökumaður A virti því ekki forgang B um hringtorgið eins og kveðið er á um í fyrrgreindu lagaákvæði. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Þá hefur ökumaður A sönnunarbyrði um að ökumaður B hafi skipt um akrein í hringtorginu og að áreksturinn megi rekja til þess. Engum vitnum er til að dreifa sem borið geta um áreksturinn og tildrög hans og ökumaður B hefur staðhæft að hann hafi ekið um ytri hring. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að ökumaður B hafi skipt um akrein í hringtorginu. Er því ekki efni til að leggja sök á hann vegna áreksturs þessa. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 27. maí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.